


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	ÍSL 303	
Síða 1 af 2		

Kennari	Ásbjörg Benediktsdóttir, Benedikt Bragason, Kristín Árnadóttir	Sk.st.	ÁBE, BEB, KRÁ
----------------	--	---------------	---------------

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á íslenskar bókmenntir og sögu þeirra frá landnámsöld til siðaskipta. Nemendur fræðast um tungutak fornmálsins, auk þess sem þeir kynnast norrænni goðafræði og hugmyndaheimi norrænna manna til forna. Fjallað er um flokka sagna frá þessu tímabili og sérkenni hvers þeirra, m.a. út frá stílfraðilegum einkennum. Í áfanganum er lesin ein Íslendingasaga, valin eddukvæði og dróttkvæði auk Völuspár og Gestapáttar Hávamála. Einnig eru lesin nokkur valin helgikvæði og veraldleg kvæði frá síðmiðöldum og valdir kaflar úr konungasögum og Sturlungu.

Markmið:

Að nemandi

- rifji upp heimsmynd goðafræðinnar sem lýst er í *Gylfaginningu*
- þekki forna bragarhætti
- átti sig á skiptingu eddukvæða í goða- og hetjukvæði, og skilji hugmyndafræði þeirra og boðskap
- þekki skáldamál dróttkvæða og eddukvæða, heiti og kenningar
- kynnist helgikvæðum og veraldlegum skáldskap frá síðmiðöldum
- kunni skil á upphafi ritmennta á Íslandi og þekki helstu flokka sagna frá upphafi ritunar
- lesi valin sýnishorn úr konungasögum og Sturlungu
- lesi a.m.k. einn valinn Íslendingapátt
- lesi a.m.k. eina viðamikla Íslendingasögu og geti staðið skil á efni hennar


Námsgögn:

- *Bókmenntir í nýju landi* e. Ármann Jakobsson, gefin út 2012.
- *Ormurinn langi* e. Braga Halldórsson, Knút Hafsteinsson og Ólaf Oddsson, frá 2005 og síðar.
- *Egils saga* í útgáfu Máls og menningar frá 1992 og síðar. Athugið að *Egils saga* er einnig til í ýmsum öðrum útgáfum.

Áætlun um yfirferð:

1. lota 23. ágúst – 27. september (5 vikur)

Kynning á áfanganum og námsefninu. Farið í nokkur eddukvæði, þ.á.m. *Völuspá* og *Hávamál* og rifjaðir upp helstu frásagnarþættir *Gylfaginningar* í tengslum við þau (*Ormurinn langi* bls. 7-70, *Bókmenntir í n.l.* Bls. 8-33). Unnin ýmis verkefni úr kvæðunum en **lotunni lýkur með 20% prófi.**

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	ÍSL 303 Haustönn 2013	
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 2		

2. lota 30. september – 18. október (3 vikur)

Dróttkvæði, helgikvæði og veraldlegur kveðskapur frá síðmiðöldum: Áhersla er lögð á bragfræðileg einkenni og sérhæft skáldamál dróttkvæða (*Bókmenntir í n.l.* bls. 36-48, *Ormurinn langi* bls. 91,109, 111). Farið yfir valdar dróttkvæðar vísur. Einnig er fjallað um helgikvæði og veraldleg kvæði frá síðmiðöldum og lesin valin dæmi (*Ormurinn langi* bls. 141-156, 171-176, *Bókmenntir í n.l.* Bls. 65, 113, 123-129).

Lotunni lýkur með 10% prófi.

3. lota 21. október – 1. nóvember (2 vikur)

Upphaf ritunar og sagnabókmennta: Kynning á því fyrsta sem ritað var á íslensku og helstu flokkum sagnabókmennta. Megináherslan verður lögð á helstu sérkenni Íslendingasagna hvað varðar stíl, byggingu og persónusköpun, en einnig verður fjallað um aðra flokka sagna, Íslendingaþætti, konungasögur og samtímasögur og lesin valin dæmi úr þeim flokkum (*Ormurinn langi* bls. 113-123, 133-137, *Bókmenntir í n.l.* Bls. 34-34, 49-112, 114-122).

Lotunni lýkur með 20% prófi.

4. lota (4. nóvember – 3. desember (4 - 5 vikur)

Egils saga: Kynning og inngangur. Lesinn inngangur sögunnar (bls. vii-xxxv) og farið yfir hana í áföngum með ýmsu móti, s.s. með verkefnum af ólíku tagi, hópvinnu og einstaklingsvinnu. **Inni í lotunni verður 10% Moodle-próf.**

Námsmat og vægi námsþátta:

Próf úr kvæðum og bókmenntasögu 1. lotu	20%
Próf úr kvæðum og bókmenntasögu 2. lotu	10%
Próf úr sagnaritun	20%
Moodle-próf úr <i>Egils sögu</i>	10%
Lokapróf í annarlok	40%

Lágmarkseinkunn á lokaprófi verður að vera 4.0 til að verkefni og próf yfir önnina gildi til lokaeinkunnar í áfanganum.

Nemandi sem er veikur á prófdegi eða við önnur verkefnaskil annarinnar skal tilkynna það að morgni til skrifstofu skólans, annars missir hann rétt til upptökuprófs.

Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils